

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar innheimtir gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Úrgangsförgunargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2024 er gjaldið kr. 31.050 vegna hvernar almennrar sorptunnu.

Úrgangshreinsunargjald þ.e. gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, annarrar en förgunar, greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2024 er gjaldið kr. 45.152 fyrir hverja almenna sorptunnu. Með hverri almennri sorptunnu fylgja endurvinnslutunnur.

Óski greiðendur eftir auka tunnum, fyrir endurvinnsluúrgang (græna, brúna eða bláa tunnu) skal greiða kr. 14.000 á ári fyrir.

3. gr.

Árið 2024 greiða heimili og fyrirtæki fyrir gjaldskyldan úrgang sem skilað er á móttöku- og söfnunarstaði Fjarðabyggðar. Upplýsingar um gjaldskyldan og gjaldfrjálsan úrgang frá heimilum má finna á heimasíðu Fjarðabyggðar. Klippikort sem rúmar 2 m³ má nálgast á næstu móttökustöð eða skrifstofu Fjarðabyggðar. Verð á klippikorti til heimila er kr. 8.000.

Frá 1. janúar 2024 hefst innheimta allra útgefna klippikorta til heimila.

Allur úrgangur fyrirtækja sem skilað er á móttökustöðvar er gjaldskyldur árið 2024. Greitt er með klippikorti fyrirtækja sem fæst á skrifstofu Fjarðabyggðar (klippikort@fjardabyggd.is) fyrir kr. 32.000. Hvert klippikort fyrirtækja rúmar 2 m³. Fyrirtækjum býðst að gera þjónustusamning hjá umhverfisþjónustum varðandi sína úrgangssöfnun og hafa viðeigandi ílát fyrir hvern flokk úrgangs.

Klippikort rúma 2 m³ efnis og skiptast í 6 x 0,125 m³ einingu og 5 x 0,250 m³ einingu.

Gjöld vegna móttöku úrgangs á móttökustöðvunum eru eftirfarandi.

	Kr./m ³		
	0,125 m ³	0,250 m ³	2,0 m ³
Heimili:			
Óflokkaður úrgangur (2x klipp/m ³)	1.000	2.000	16.000
Gjaldskyldur heimilisúrgangur – flokkað efni *)	500	1.000	8.000
Gjaldfrjáls heimilisúrgangur – flokkað efni **)	0	0	0
Fyrirtæki:			
Óflokkaður úrgangur (3x klipp/m ³)	2.875	5.750	46.000
Flokkaður úrgangur *) (2x klipp/m ³)	2.000	4.000	32.000
Flokkaður úrgangur **) (1x klipp/m ³)	1.000	2.000	16.000

*) Asbest, einangrun, blandaður úrgangur, flisar, flugeldar, gifs, gashylki, gluggar, matarolía, hreinlætistöki, járn-bundin steypa, olíumálning, rúðugler, olíusiur, malbik, brunaboðar, málað timbur, ómálað timbur, urðunarefni, steypa, slökkvitæki, vörubretti, spilliefni, tjörupappír.

**) Gler, bækur, hjólbarðar, flúrperur, sólarrafhlöður, plastumbúðir, kæli- og frystistöki, úðabrúsar, frauðplast, vírar og kaplar, raftæki, glær plastfilma, dagblöð, prenthylki, ljósaperur, mól og sandur, glært gler, harðar og mjúkar plastumbúðir, rafgeymar, garðaúrgangur, lítað gler, sléttur pappír, rafhlöður, pappír, sjónvörp og skjáir, hart plast, málmar, smáraftæki, vatnsmálning, skjöl, málmumbúðir, stór raftæki, stór plastfilma, bylgjupappi, postulín, úrgangsolía, trjábólir og rætur, lituð plastfilma.

4. gr.

Úrgangur skal vera flokkaður þegar honum er skilað á urðunarstað í samræmi við móttökuskilyrði. Viðskiptavinir greiða fyrir úrgang eftir þyngd (kr./kg) samkvæmt gjaldskrá.

Gjöld vegna móttöku og/eða meðhöndlunar úrgangs á móttökustöð í Þernunesi eru eftirfarandi:

	Kr./kg með vsk
Grófur úrgangur	56
Blandaður úrgangur	56
Timbur	53
Kjöt og sláturúrgangur	47
Seyra	42
Fita	42

* Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er heimilt að innheimta tímagjald skv. gjaldskrá.

Aðeins fyrirtækjum með starfsleyfi til að flytja úrgang er heimilt að koma með úrgang beint í móttökustöðina í Þernunesi. Öll losun skal fara fram í samráði við rekstraraðila, Fjarðabyggð.

5. gr.

Gjalddagar gjalda skv. 2. gr. fylgja reglum um gjalddaga fasteignagjalda og er skipt jafnt niður á þá. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Gjalddagi gjalda skv. 3., 4. og 5. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar með stoð í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð nr. 247/2011, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2024. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1474/2022.

Fjarðabyggð, 6. desember 2023.

Jóna Árný Þórðardóttir bæjarstjóri.